

Auglýsing um friðland í Flatey

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur [Umhverfisstofnun] á fundi sínum 21. febrúar 1975 ákveðið að friðlýsa austurhluta Flateyjar á Breiðafirði ásamt nálægum hólum.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Friðlandið nær yfir Flatey, austan línu er hugsast dregin þvert yfir Mjósund á austanverðri eyggi, svo og eftirtaldar eyjar er liggja suður af austanverðri Flatey:

Akurey, Langey, Geirshólma, Hádegishólma, Grasflögur og Kerlingarhólma.

Reglur þessar gilda um svæðið:

1. Öll umferð er óheimil á tímabilinu 15. apríl til 15. ágúst nema með leyfi ábúenda í umboði [Umhverfisstofnunar].
2. Bannað er að raska gróðri og trufla dýralíf á svæði þessu, bæði á landi og í fjöru. Þó skal ábúendum heimilt að nýttja það æðarvarp, grasnytjar og önnur hefðbundin hlunnindi svo sem verið hefur. Ábúendum er og heimilt að gera þær ráðstafanir er heimilar eru í lögum til eflingar æðarvarpi, svo sem að bæggja frá vargi.
3. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi og í sjó innan svæðisins er háð leyfi Umhverfisstofnunar].
4. Ábúendur annast vörslu svæðisins í umboði [Umhverfisstofnunar]

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð stofnunar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 1. september 1975.

F.h.r.

Birgir Thorlacius

Runólfur Þórarinnsson